

Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust um málið frá Fljótshéraði og Biskupsstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórn Fljótshéraðs verði heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls í Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Skilyrði fyrir ráðstöfuninni er að hún sé samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjargjafa.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að andvirði vatnsréttindanna nemur rúmum 20 millj. kr. Einnig kom fram að Kirkjuráð telur ráðstöfun andvirðisins samrýmast eins og unnt er í dag upphaflegum tilgangi kristfjárjarða, sem var framfærsla fátækra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 7. maí 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir,
form., frsm.

Atli Gíslason.

Grétar Mar Jónsson.

Gunnar Svavarsson.

Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

Karl V. Matthíasson.

Kjartan Ólafsson.

Valgerður Sverrisdóttir.